

Nd.

4. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1940.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í rikissjóð til ársloka 1940.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í rikissjóð til ársloka 1940.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1940.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1940.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1940.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1940 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1940.
8. Á árinu 1940 leggur rikissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1940 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði. Þó skulu 2000 kr. renna til prestakallasjóðs á árinu.
10. Á árinu 1940 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, sam-
anber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1940 skal ekki verja hærri fjárhæð úr rikissjóði til búfjárræktar, sam-
anber lög nr. 32 1931, en 62000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við
búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
12. Á árinu 1940 má ekkja verja úr rikissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlend-
um áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
13. Á árinu 1940 leggur rikissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna
prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1940 greiðir rikissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það,
sem ákveðið er til móts við 4½% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1940 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við rikisskólana eða skóla, er
njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í
menntaskólanum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjórnaskólanum,
siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.
16. Á árinu 1940 leggur rikissjóður fram 60000 kr. til verkfærakaupasjóðs.
17. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum
til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní
1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi
felld fyrir árið 1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þessu lagafrumvarpi er farið fram á, að frestað verði framkvæmd á eða
breytt til bráðabirgða árið 1940 þeim lögum og einstökum lagaákvæðum, sem frest-
að er framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða árið 1939.

Ekki er annað sýnilegt en að full þörf sé fyrir sparnað þann árið 1940, sem af
frumvarpi þessu leiðir, ef það verður að lögum.